

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 6. september 2023

Fyrirlesari: Þór Whitehead, sagnfræðingur

Efni: „Ástandið og og yfirvöld 1940-1945“

Mættir: 74, félagsmenn og nokkrir gestir

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16. Hann kynnti síðan stuttlega starfsárið framundan, með fræðslufundum, tveimur málstofum á Læknadögum, innanlandsferð snemmsumars á slóðir Sigvalda Kaldalóns, utanlandsferð um haustið og loks verður fagnað 30 afmæli Öldungadeildarinnar. Þá minntist formaður tveggja látinna lækna, þeirra Helga Kjartans Sigurðssonar og Björgvins Óskarssonar.

Þá gaf formaður fyrirlesara orðið. Þór Whitehead hóf fyrirlestur sinn á stuttu tilsvári sem er haft eftir Páli Ísólfssyni á förnum vegi hernámsdaginn 10. maí, 1940, “nú er allt breytt”. Þá stigu nokkur þúsund breskir hermenn á land og áttu eftir að skipta tugum þúsunda, verða fleiri en íslenskir karlmenn. Hér var fyrir mjög fábreytt samfélag gegnsýrt af sterkri þjóðernishyggju og nú steðjaði mikil ógn að göfugri norrænni menningu sem hér var varðveitt. En áhyggjur af siðferði kvenna og lauslætisdrósum voru ekki nýjar af nálinni. Fyrir stríð voru hér þýsk skip og “ástand” kringum þau. Rætt var um að lauslátar konur þyrfti að loka inni. Hernáminu fylgdi líka mikil áfengisneysla og auðvitað urðu vandræði. Hermann Jónasson, forsætisráðherra, var mikill þjóðernissinni og setti strax strangar reglur fyrir skólafólk um framkomu við erlendu hermennina. Hann skipaði fyrsta kvenkyns lögregluþjóninn til að kanna “ástandið” og skila um það skýrslu. Þetta var Jóhanna Knudsen, vel menntaður hjúkrunarfræðingur. Í hönd fóru svæsnustu persónunjósnir Íslandssögunnar og þremur mánuðum síðar var komin skýrsla með 800 færslum um allt frá orðaskiptum á förnum vegi við erlenda hermenn. Á 8. áratugnum var þessi saga túlkuð sem kúgun feðraveldis en svo einfalt var það ekki. Ýmsir samráðherrar Hermanns Jónassonar voru honum ekki sammála en margar konur trúðu í einlægni að ótti Jóhönnu Knudsen við hermannaveikina væri réttmætur. Settur var á laggirnar ungmennadómstóll og vinnuskóli stofnaður að Kleppjárnsreykjum. Sumar stúlkur sem þar voru vistaðar áttu við margháttaðan vanda að stríða, þar var enginn læknir eða sálfræðingur og ófaglært starfsfólk réð ekki við þetta erfiða verkefni. Árið 1942 var komin ný stjórn og Einar Arnórsson orðinn dómsmálaráðherra. Þá tóku viðhorf að breytast, vinnuskólinn á Kleppjárnsreykjum var lagður niður, sömuleiðis ungmennadómstóllinn og Jóhönnu Knudsen vikið úr starfi, enda þótti Einari og mörgum öðrum hún hafa farið offari. Árið 2012 voru skjöl frá Jóhönnu Knudsen opnuð 50 árum eftir andlát hennar og þar var að finna frumheimildir þessarar sögu. Margt fleira fróðlegt kom fram í máli Þórs sem ekki verður rakið hér frekar, en hann hélt athygli fundarmanna í klukkutíma og þá bættist enn við korter í spurningum frá 8 fundarmönnum sem Þór svaraði greiðlega.

Formaður þakkaði fyrirlesara með bókagjöf og sleit fundi kl. 17:15.